

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Allir sem einn



UMS 94 2018



Upplýsingar um verkefnið

Nafn skóla: Grunnskóli Bolungarvíkur

Nafn verkefnisins: Allir sem einn

Nafn verkefnisstjóra: Halldóra Dagný Sveinbjörnsdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS 94 2018

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins var að nemendur í 1. bekk, með annað móðurmál, standi jafnfætis öðrum nemendum í íslensku máli og öllum hæfniviðmiðum Aðalnámskrá sem Grunnskóli Bolungarvíkur leggur áherslu á að nemendur ljúki við lok 2. bekkjar vorið 2020.

Forsaga

Árgangurinn sem hóf grunnskólagöngu sína í Grunnskóla Bolungarvíkur haustið 2018 var óvenjulega samsettur með tilliti til uppruna nemenda. Í þessum árgangi áttu 66% nemenda annað eða báða foreldra af erlendum uppruna, þar sem lang flestir áttu foreldra fædda í Póllandi. Þrátt fyrir að flest þessara barna væru fædd hér á landi eða hefðu dvalið hérlandis frá því þau voru smábörn, þá gáfu þær óstaðfestu fregnir sem við höfðum fengið af frammistöðu þeirra í íslensku máli, ekki tilefni til bjartsýni.





Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Nemendur voru stöðuprófaðir og bakgrunnur þeirra kannaður í upphafi og einstaklingsnámskrár unnar út frá þeim niðurstöðum. Þá var orðaforði og málnotkun skoðuð í upphafi og lok hvors vetrar, bæði til að skoða árangur og til að leggja línurnar fyrir vinnuna framundan. Einnig hittist kennarateymi verkefnisins reglulega þar sem farið var yfir stöðuna og einstök málefni rædd. Lögð var áhersla á að mæta nemendum á þeim stað sem þeir voru og vinna með þá þætti sem þörf var á hverju sinni.

Bætt var við íslenskukennslu nemenda og sérstakur kennari fenginn til að sjá um viðbótar íslenskukennslu. Í þeim tímum þar sem hópnum var skipt t.d. sund og tónmennt, var umsjónarkennari með hinn helming bekkjarins til að hann gæti einnig unnið með smærri hópa til að vinna frekar með íslenskuna. Þá var lögð áhersla á íslensku í öllum námsgreinum og nemendur hvattir til að nota alltaf íslensku á skólatíma.



Nemendur af pólskum uppruna fengu kennslu í sínu eigin móðurmáli á skólatíma. Pólskukennari fékk stöðupróf og efni frá Póllandi og vann út frá því.

Boðið var upp á ókeypis lengda viðveru nemenda til að lengja tíma þeirra í íslensku málumhverfi og styrkja félagsleg tengsl þeirra.

Boðið var upp á mánaðarlegar kennslustundir með erlendum foreldrum til að styrkja þá sjálfa mállega og í að aðstoða börn sín. Þar sem þessi þáttur byggði á því að fá foreldra inn í skólann á skólatíma, fengum við atvinnurekendur í lið með okkur. Fyrri haustið, í upphafi verkefnisins, fóru skólastjóri og umsjónarkennari bekkjarins á fund með öllum þeim atvinnurekendum sem við vissum að foreldrar ynnu hjá og kynntu hugmyndina og fengu viljrði fyrir því að foreldrar gætu sótt kennslustundirnar. Seinna haustið sendum við póst á atvinnurekendur, þar sem við minntum á verkefnið og fórum lauslega yfir árangur fyrri árs.

Þorbjörg Halldórsdóttir sérfræðing hjá Menntamálastofnun í íslenskukennslu nemenda með íslensku sem annað mál, var fengin í heimsókn og bauð hún upp á stutta kynningarfundir og ráðgjöf, bæði fyrir kennara og foreldra.

Foreldrar voru hvattir til að láta barnið horfa á íslenskt barnaefni og hlusta á sögur og söngva á íslensku. Hluti þeirra verkefna sem send voru heim voru einnig í formi hlustunarefnis.



Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Til stóð að fá ráðgjöf frá fagaðila í upphafi verkefnisins en það gekk ekki upp vegna þess að þegar ráðgjafinn átti að koma var ekki flogið vestur og ekki tókst að finna annan tíma sem hentaði.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Covid 19 faraldurinn setti eðlilega strík í reikninginn þegar hann kom upp á seinni hluta síðara ársins. Við það þurftum við að fella niður foreldratímana og því náðum við ekki að klára alla þá tíma sem til hafði staðið. Lokaumræðurnar við foreldrana til að ramma inn upplifun þeirra féll þá einnig niður. Skipulag skólstarfsins á þessum tíma gekk líka út á að nemendur væru alltaf í umsjónarstofu en það gerði það að verkum að pólskutímar féllu niður og ekki var möguleiki á að vinna í smærri og dreifðari hópum.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Kennarateymið sem kom að verkefninu fundaði reglulega þar sem m.a. var farið yfir árangur og vinnu nemenda. Það gerði það að verkum að auðveldara var að bregðast við og/eða leita skýringa á upptökum eða frávikum, finna fjölbreyttar leiðir að markmiðum og sérsníða leiðir og námsefni að þörfum nemenda.

Með því að bjóða upp á foreldratímana fengum við meiri og jákvæðari samskipti milli heimilis og skóla. Þetta skilaði sér síðan í jákvæðara viðhorfi og gagnkvæmum skilningi. Þá voru foreldrar óhræddari við að leita til skólans með vangaveltur sínar og vandræði, miðla og sækja upplýsingar og leita leiðbeininga.

Leggja ber áherslu á öflugt samstarf við heimilin um þjálfun í íslensku sem öðru tungumáli á öllum stigum grunnskóla. Þetta er mikilvægt samstarfsverkefni heimila og skóla og fjölskyldan gegnir veigamiklu hlutverki í að skapa virðingu fyrir báðum málunum, styrkja þau og rækta og viðhalda áhuga nemenda á virku tvítyngi.



Mat á verkefninu

Það er mikilvægt viðfangsefni að bæta íslenskukunnáttu þeirra nemenda sem hafa annað mál en íslensku að móðurmáli. Hæfni í íslensku er meginforsenda þess að þeir verði að virkum þátttakendum í samfélagi lýðræðis og jafnréttis og geti lagt stund á almennt nám í íslenskum skólum. Hér er um krefjandi verk að ræða.

Aðalnámskrá Grunnskóla (bls. 106)

Meðan verkefnið stóð yfir hafði það talsverð áhrif á starf þessa tiltekna bekkjar en auk þess hafði það einnig áhrif í öllum hinum bekkjum yngsta stigs þar sem aukið var einnig við íslensku- og pólskukennslu í þeim bekkjum. Þá má einnig leiða líkum að því að sú aukna umræða sem var um íslenskukennslu nemenda af erlendum uppruna meðal starfsmanna skólans, til dæmis í hugmyndum um að allir tímar væru íslenskutímar, hafi skilað sér ómeðvitað út í allt skólastarfið. Í framtíðinni gerum við ráð fyrir að áhrif verkefnisins verði enn meira sjáanleg í öðrum bekkjum skólans með aukinni íslenskukennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna.

Niðurstöður verkefnisins

Nemendur sem tóku þátt í verkefninu tóku umtalsverðum framförum í íslensku og mun meiri en við höfðum áður séð. Allir nemendur voru að taka miklum framförum og dæmi voru um að einstaka nemendur voru að bæta við sig meiri orðaforða yfir veturinn en þeir höfðu verið með að hausti. Því miður sáum við einnig hina hliðina, þ.e. að nemendur sem dvöldu til langs tíma utan íslensks málsamfélags töpuðu mjög fljótt niður því sem hafði áunnist og komu til baka með mun lakari orðaforða en þeir höfðu haft við brottför.

Almenn ánægja var með verkefnið og við lok fyrra árs lögðum við spurningakönnun fyrir foreldra til að kanna upplifun þeirra af verkefninu. Allir foreldrar töldu að barnið sitt hefði tekið framförum í íslensku um veturinn og flestir töldu sjálfan sig einnig hafa tekið framförum. Allir nema einn töldu að foreldratímarnir hefðu hjálpað sér við að aðstoða barnið við námið, læra íslensku, orð og framburð og kynnast gagnlegum vefsíðum og hjálparleiðum. Sá sem taldi að tímarnir hefðu ekki hjálpað sér sagði að ástæðan væri að tímarnir voru of fáir og því of mikið efni sem farið var yfir í hverjum tíma. Þá kom einnig fram vilji foreldra til að halda áfram með foreldratíma, enda var ákveðið að halda áfram með þá á seinna árinu. Þau auknu og jákvæðu samskipti sem foreldratímarnir sköpuðu teljum við að séu afar mikilvæg. Þá höfðu nemendur mikla ánægju af tímunum. Þarna fengu foreldrar einnig tækifæri til að sýna með augljósum hætti áhuga sinn á námi barna sinna og börnin upplifðu áhuga og jákvæðni. Enda sýndi það sig að börn foreldra sem voru dugleg að mæta í foreldratímana tóku meiri framförum og einnig að börn



foreldra sem sjálf stóðu vel í íslensku máli. Enda leiddi könnun okkar í ljós að öllum foreldrum fannst mjög eða frekar mikilvægt að þeir sjálfir væru góðir í íslensku.



Markmið verkefnisins var að nemendur með annað móðurmál, stæðu jafnfætis öðrum nemendum í íslensku máli og öðrum hæfniviðmiðum sem lagt var áhersla á að nemendur ljúki við lok 2. bekkjar. Við náðum þessum markmiðum með sumum nemendum en aðra vantaði aðeins uppá. Framfarirnar voru gífurlegar og því má kannski segja að óeðleðlilegt hefði verið að ætlast til frekari framfara. Þó setur það bakslag sem varð í framförum við fjarveru úr málsamfélaginu nokkurt strik í reikninginn hjá einstaka nemanda.

Haldið verður áfram að bjóða upp á auka íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál og mun sami kennari sjá um það eins og sá um auka íslenskukennsluna í verkefninu. Þannig mun verða byggt á niðurstöðum verkefnisins við þessa kennslu.

Kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.

Árangurinn af verkefninu hefur verið kynntur fyrir fræðslumálaráði Bolungarvíkur. Bæði kennarar, foreldrar og fræðslumálaráð er ánægt með niðurstöðurnar og vonumst við eftir að áfram verði úthlutað tímum til þess að vinna í þessum anda.



Dagsetning: 26.06.2020

Haldóra D. Sveinbj
Undirskrift verkefnisstjóra



Haldóra D. Sveinbj
Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskóla